

03. júní 2015

VSÓ Ráðgjöf  
Auður Magnúsdóttir  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. júní 2015  
UST201505-138/B.S.  
08.08.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - kalkþörungunám í Ísafjarðardjúpi. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs VSÓ Ráðgjafar dags. 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Ráðgert er að taka árlega allt að 120.000 m<sup>3</sup> Á tveimur svæðum annars vegar við Æðey og hins vegar við Kaldalón. Samanlagt flatarmál þessara svæða er um 936 ha. Ekki kemur fram í tillögunni hversu lengi efnistakan muni standa, en bent er á að leyfi til hagnýtingar efna á hafsbotni hafa verið gefin úr til allt að 30 ára í senn.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að samkvæmt skýrslum OSPAR hefur efnistaka stórskaðað kalkþörunguna við strendur Frakklands og við Bretlandseyjar. Því er af auknum þunga leitað eftir leyfum til kalkþörunganáms við Ísland. Umhverfisstofnun telur brýnt að stjórnvöld marki stefnu varðandi verndun og nýtingu kalkþörunguna. Í skýrslu OSPAR *Assessment of maerl beds in the OSPAR area* segir m.a. á bls. 2: „*Maerl beds were one of a number of habitats on the OSPAR Initial List in 2004. Under Annex V of OSPAR, free-living red calcareous algae collectively known as maerl are listed as threatened species.*“

Efnistaka hefur á nokkrum stöðum gengið það nærri kalkþörungabreiðum að efnistaka hefur verið bönnuð sbr.: „*Extraction of living fossil deposits has depleted beds in the Fal estuary in England where maerl extraction was banned in 2005.*“ Background Document for Maerl beds. OSPAR 2010.

Umhverfisstofnun vill benda á að ekki er unnt að nota sömu stærðarviðmið við efnistöku í kalkþörungabreiðum vegna þess að áhrifa efnistökkunnar mun gæta víðar en á sjálfu efnistökusvæðinu og þarf því að mati Umhverfisstofnunar að horfa til vistfræðilegra áhrifa kalkþörunganámsins: „*There is no doubt that many human activities can and do damage maerl beds. Commercial dredging of maerl deposits is particularly destructive since this removes the productive surface layer and dumps sediment on any plant which escape dredging, inhibiting habitat recovery.*“ (Assessment of maerl beds, bls. 23) Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir á hversu stóru svæði kalþörungar gætu spillst vegna efnistöku á allt að 120.000 m<sup>3</sup> af kalkþörungum.


Einnig telur stofnunin að gera eigi ítarlega grein fyrir verndargildi kalkþörunguna Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi þar sem fram kemur að kalkþörungar veita mikilvæga vistkerfapjónustu og stuðla að lífræðilegum fjölbreytileika: „*The conservation of maerl beds is increasingly recognised, not only because of their longevity an high biodiversity, but also due to potential benefits for commercial fisheries. Maerl beds can harbour high densities of broodstock bivalves and act as nursery areas for the juvenile stages of commercial species such as cod.*“ Assessment of maerl beds, bls. 4.


Umhverfisstofnun vill benda á að Ísland er aðili að samningi um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR). Samningurinn á að tryggja að ekki verði gengið á líffæðilega fjölbreytni og þess gætt að framkvæmdir valdi ekki mengun sjávar.

Umhverfisstofnun vill ítreka að samkvæmt gögnum frá OSPAR teljast kalþörungur á því svæði sem samningurinn nær til í hættu og er efnistaka talin helsta ógnin sem að þeim steðjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er í tillögu að matsáætlun ekki gerð nægjanlega góð grein fyrir hversu víðtæk áhrif umrædd efnistaka getur haft í ljósi þess hversu viðkvæmt vistkerfi hér er um að ræða. Því ætti í matsskýrslu að gera grein fyrir þeim atriðum sem talin eru upp hér að framan,

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

Afrit: Orkustofnun, Skipulagsstofnun.

